

Stúdentalíf

Það var mörgum ómótstæðilegt tilboð um skemmtun þegar auglýst var að Jónas Ingimundarson ætlaði að spila með þeim Bergþóri Pálssyni og Ólafi Kjartani Sigurðssyni í Salnum. Á dagskránni voru gamlir gamansöngvar frá Svíþjóð, Gluntasöngvarnir eftir Gunnar Wennerberg. Eldri kynslóðin þekkir vist þessi lög en undirrituð reyndist ekki kannast við nema svona þrjú. Það var hins vegar ekki endilega ókostur.

Tónlist

Stúdentar og líf þeirra hefur löngum verið sveipað dýrðarljóma frelsis og áhyggjuleysis. Frægt er hvernig Robert Schumann hélt dagbók um lífnað sinn sem námsmaður áður en hann helgaði sig tónlistarnámi, en sendi fjólskyldu sinni bréf þar sem lýsingar sömu daga voru allar aðrar og síðlegri en í dagbókinni. Gluntarnir minna dálítið á þennan stúdentastíl, eilítið drykkfelldir, tilfinningaríkir, hollir vinum sínum og viðkvæmir. Þetta er svona alþýðlega, ritskoðaða útgáfan af Werther og rómantíkin ríkuleg þó ekki sé daðrað við Hyldýpisgjána í hverju skrefi.

Þessi ríflega tuttugu lög eru ótrúlega ólík innbyrðis. Allt frá ör-stuttum stemningum yfir í langar senuraðir þar sem still er úr ýms-um áttum. Dæmi um það síðar-nefnda er Próffagnaður í Eikilundi, sem er eins og samanröðuð senu-brot úr söngleik eða óperettu. Oft eru bæði textar og lög í gamansömum stíl en alvarlegri hugleiðingar fylgja á milli. Hollusta vinanna í Fjárkröggnum eftir hlé var sann-



Jónas, Bergþór og Ólafur Kjartan á fullu Eilítið drykkfelldir, tilfinningaríkir, hollir vinum sínum og viðkvæmir.

DV-MYND EÓJ

ferandi. Lagið Ákæran er unnið úr ólíku efni, Ólafur söng dramatískt og Bergþór átti þarna mjög fallega tóna. Bergþór á það til að ýkja en

göðu lófataki.

Sigfríður Björnsdóttir

Tónlist

Aftur til fortíðar

Norðurljós 2001, tónlistarhátið Musica Antiqua, hófst á laugardaginn sl. með tónleikum í Fríkirkjunni þar sem flutt voru verk eftir Georg Philipp Telemann. Telemann var eitt atkvæðamesta tónskáld barokktímans og mikilvirkari en báðir samtímamenn hans, Bach og Händel, en eftir hann liggja m.a. 40 óperur, 44 passíur, um 600 franskir forleikir auk ógrynna verka fyrir hin ýmsu hljóðfæri og söngtraddir. Flytjendur á tónleikunum voru þau Camilla Söderberg á altblokkflautu, Hildigunnur Halldórsdóttir á fiðlu, Guðrún Óskarsdóttir á sembal og Sigurður Halldórsson á selló.

Í túlkun sinni á gamalli tónlist gera meðlimir Musica Antiqua sér far um að hverfa sem mest aftur til fortíðar og var hér m.a. leikið á fimmstrengja-selló og barokkfiðlu í takt við tíðarandann. Sennilega er það nokkurt stökk fyrir venjulega hljóðfæraleikara að svissa af sínum hljóðfærum yfir í barokkhljóðfæri og gæti það ef til vill verið skýringin á því að dálítið skorti á intónasjón á köflum í strengjum, aðallega fiðlu, þó að í heild hafi samhljómur hljóðfæraanna verið góður og gefið skemmtilega innsýn inn í fortíðina.

Fyrsta verkið á efnisskránni var Tríósónata í a-moll fyrir blokkflautu, fiðlu og fylgiródd. Camilla Söderberg leiddi hópinn með kraftmikilli spilamennsku og smitandi innlifun og var verkið í heild vel flutt og samspilið gott. Guðrún Óskarsdóttir lék því næst Fantasiu fyrir sembal í C-dúr en Telemann skrifaði þrjár tylftir fantasía fyrir hljóðfærið, ítalska, franska og þýska, og lék Guðrún nr. 2 úr þeirri frönsku. Leikur hennar var öruggur og tær, skrautnótur allar hárnákvæmar og skýrar og geysihraður en stuttur lokakaffinn mjög glæsilegur. Camilla lék svo ásamt Sigurði og Guðrúnu síðasta verk fyrir hlé, Sónatínu í c-moll fyrir blokkflautu og fylgiródd. Camilla er óskeikull blokkflautuleikari með frábæra tækni sem gerir henni kleift að renna sér af ótrúlegu öryggi í gegnum ofsahraða skala og hlaup og bar leikur hennar í Vivace-kafli fyrrnefndrar sónatínu þessu sterkt vitni en hann reyndi mjög á tækni blokkflautuleikarans. Allegro-kaffinn var sömuleiðis leikandi léttur í meðförum hennar, hægu kaflarnir afar fallegir og samspil hljóðfæraanna



Hildigunnur Halldórsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir, Sigurður Halldórsson og Camilla Söderberg
Í heild var samhljómur hljóðfæraanna góður og gaf skemmtilega innsýn í fortíðina.



... mannsgaman

Í einsemd tækninnar

Mikið óskaplega þykir mér vænt um manninn sem fann upp myndbandstækið. Hann hefur ekki verið galinn. Þvert á móti vænn maður og glúrin, því myndbandstækið hentar svo óskaplega vel öllum dyntum manns sem hæfilega latrar manneskju. Sjálf útvarpsviðtækið bliknar í samanburði og þarf nú nokkuð til.

Horði á eina af þessum óborganlegu Tati-myndum um daginn, eða öllu heldur seint um kvöld. Fremur heitt í kjallaranum mínum góða og myndin byrjuð að rúlla með slánum langa sem fann upp aulalegasta göngulag allra tíma. Hló passlega, en dofnaði einhvernvegin að innan eftir því sem leið á snælduna. Óvenjulegt. Líklega þreyttur. Það hendir.

Vaknaði nokkru seinna í nálægð næturinn-


hnífafnt.

Sigurður Halldórsson lék svo eftir hlé Fantasiu nr. 2 í G-dúr fyrir fiðlu, umskrifada fyrir fimm-strengja selló. Hljómurinn í barokkselló er nokkuð daufari en í venjulegu selló en Sigurður lék verkið af krafti og voru Allegro-þættirnir tilþrifamikil þó að á einstöku stað orlaði á óhreinindum í hröðustu sköpunum og hljómunum. Sigurður og Guðrún léku svo með Hildigunni Halldórsdóttur Sónatínu fyrir fiðlu og fylgiródd nr. 1 í F-dúr og var hér margt finlega og fallega gert þó að á stundum bæri eins og fyrr segir á ónákvæmri intónasjón í fiðlu. Tónleikunum lauk á Tríósónötu í d-moll þar sem fagað en kraftmikið samspil hópsins með Camillu Söderberg í broddi fylkingar leiddi áheyrendur aftur í aldir og setti punktinn aftan við i-ið á vel lukkuðum tónleikum.

Hrafnhildur Hagalín

Minningar um ey

Kanadíski listmálarinn Louise Jonasson flytur opinn fyrirlestur í Listaháskóla Íslands, Laugarnesvegi 91, í dag kl.12.30, í stofu 024. Louise sýnir verk sín á Kjarvalsstöðum um þessar mundir og ber sýningin yfirskriftina Minningar um ey eða Island Souvenir (sjá umsögn A.I. í DV 3.9.).



Louise Jonasson er af íslenskum ættum, fædd í Winnipeg og lagði stund á listnámi í Manitoba. Hún hefur haldið fjölmargar einka- og samsýningar og verk hennar eru í eigu margra opinberra stofnana í Kanada. Í fyrirlesturinum fjallar hún um myndlistarmenn frá Manitoba og sýnir skyggjur af verkum þeirra.

Hnattvæðing og þjóðarímynd

Á morgun kl. 12.05 heldur Hallfríður Þórarinsdóttir mannfræðingur fyrirlestur í hádegisfundaröð Sagnfræðingafélags Íslands í Norræna húsinu: „Hnattvæðing og íslensk þjóðarímynd – tveir pólur á sama ás“. Fundurinn er opinn öllu áhuga-fólki um sögu og er aðgangur ókeypis.

Í erindinu verður fjallað um tilurð íslenskrar þjóðarímynda og hún sett í sögulegt og hnatt-rænt samhengi. Tengsl hugmynda í anda þjóðernishyggju um mállegan og genetískan hreinleika verða reifaðar, einkum með tilliti til aukinna áhrifa hnatttrænna samskipta á sjálfmynd Íslendinga. Einnig mun fyrirlesari velta fyrir sér áhrifum fjölmennings á íslenska þjóðarímynd.

Söngnámskeið

Ingvaldur Ýr, söngkona og söngkennari, heldur margs konar söngnámskeið í vetur, bæði fyrir byrjendur, lengra komna og masterklassa fyrir söngvara og söngnema.



Byrjendanámskeiðin eru vikulega og ætluð fólki á öllum aldri. Kennendur eru grunnatriði í söng, öndun, líkamstaða og raddæfingar, tóneyrað er þjálfað og einföld atriði í nótnalestri kynnt. Engin fyrri reynsla er nauðsynleg.

Þeir sem vilja rifja upp og hressa upp á söngtæknina fá líka námskeið fyrir sig. Þau henta til dæmis kórsöngvurum, kennurum og leikurum. Nánari upplýsingar í síma 898 0108.

Samsýning á Seyðisfirði

Á laugardaginn var opnuð myndlistarsýning í Skaftelli á Seyðisfirði þar sem þau sýna saman verk sín Ásmundur Ásmundsson, Gabríela Friðriksdóttir, Gunnhildur Hauksdóttir, Magnús Sigurðarson, Sirra og Steingrímur Eyfjörð. Sýningin stendur til 18. nóvember.



Ný bók um heimspeki



Hugvísindastofnun Háskóla Íslands gaf nýlega út greinasafnið Hvað er heimspeki? með greinum tíu höfundum um hugmyndir um eðli og tilgang heimspekinnar. Bókin verður því einnig inngangur að kenningum merkustu hugsuða liðinnar aldar. Meðal höfunda eru Eric Weil,

Karl Jaspers, Richard Rorty, Martin Heidegger, Michel Foucault, George Lucács, Ernst Bloch og Jürgen Habermas. Á undan hverri grein er stutt kynning á viðkomandi höfundum. Inngang ritar Björn Þorsteinsson.

Greinarnar eru afar gagnleg lesning þeim sem vilja kynnast helstu straumum í „meginlandsheimspeki“ 20. aldar, tilvistarstefnu, fyrirbærafræði og gagnrýnni samfélagsspeki. Útgáfa bókarinnar er mikilvægur áfangi í íslenskrum heimspekiumræðu – ekki sist vegna þess að yngstu greinarnar snerta á málefnum sem mjög eru í brennidepli í samtímanum.

Ritstjórar eru Róbert Jack og Ármann Halldórs-son.

Áhrif háskóla á samfélagið

Í dag kl. 14 hefst opið málþing í Hátiðasal Háskólans um áhrif háskóla á samfélag. Málþingið fer fram á ensku. Björn Wittrock, prófessor í Uppsölum, talar um „The Modern University: The Three Transformations“ og Gordon Graham, prófessor í Aberdeen, heldur erindið „Freedom and Criticism: Recovering the University's Social Role“. Á eftir verða almennar umræður.

-SER